

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 6/1962. **Bragi h/f**
 gegn
Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bragi h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, sem krafizt hefur ómaksbóta, kr. 1200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 24/1962. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Guðmundi Steinssyni og gagnsök
 (Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. marz 1962. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda, enda verði málskostnaður þá felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 158.177.28, en til vara aðra lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Prófessor Snorri Hallgrímsson skoðaði gagnáfrýjanda af nýju 16. ágúst 1962. Um þá skoðun segir m. a. í vottorði prófessorsins, dags. sama dag:

„Liðan Guðmundar hefur lítið breytt frá því, sem lýst er í umsögn minni, dags. 15.8. 1960. Hann þreytist fyrr í v. öxl en þeirri hægri við áreynslu og fær þá þreytuverk í herðar v. megin og vinstra megin í hálsinum.

Við skoðun finnst hið sama og lýst er í áðurnefndri umsögn, nema hvað ummál upphandleggja mælist nú jafnt, en hins vegar virðist grófur kraftur í axlarvöðvunum (supra- og infra-spinatus svo og deltoidens) greinilega minni v. megin en hægra megin.

Röntgenskoðun 14.8. 1962 sýnir slítbreytingar þær, sem lýst er 15.6. 1960, óbreyttar, en nú koma einnig í ljós vægar slítbreytingar á milli V. og VI. hálslíðar.

Eins og tekið er fram í fyrrgreindri umsögn, eru varanlegar afleiðingar af völdum slyssins væg lömun á axlarvöðvum v. megin svo og arthrosis í hálslíðum.“

Þá er og leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hefur frá hausti 1959 stundað nám í lyfjafræði hérlandis og erlendis og mun væntanlega ljúka fullnaðarprófi í þeirri grein í júnímánuði 1964.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skiptingu skaðabótaábyrgðar.

Samkvæmt gögnum málsins þykir tjón gagnáfrýjanda vegna örorku hæfilega metið kr. 100.000.00 og vegna þjáninga svo og röskunar á högum kr. 30.000.00. Að öðru leyti ber að fallast á úrlausn héraðsdómara um ákvörðun tjóns gagnáfrýjanda. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða

gagnáfrýjanda $\frac{3}{5}$ hluta af kr. 134.838.00 (kr. 100.000.00 + kr. 2.338.00 + kr. 2.500.00 + kr. 30.000.00), þ. e. kr. 80.-902.80 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Svo greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.500.00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda þar af kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Steinssyni, kr. 80.902.80 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 21.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., var höfðað hér fyrir rétti, að fenginni gjafsókn, með stefnu, útgefinni 25. maí s.l., af Guðmundi Steinssyni stud. pharm., Kirkjustíg 7, Siglufirði, með heimild í 73. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 5. tl. 5. gr. sömu laga, gegn bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs. Gerði hann í stefnu kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 159.517.28 auk 6% ársvaxta frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þó verði þóknun til lögmanns hans tiltekin í dóminum. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi aðalkröfuna um kr. 1.340.00, eða í kr. 158.177.28, en óskaði að hækka málskostnaðarkröfuna um sömu upphæð.

Einnig var forstjóra Brunabótafélags Íslands stefnt til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir: Sunnudaginn 22. febrúar 1959 var stefnandi staddur í innisundlauginni á Akureyri, sem er eign stefnda, bæjarsjóðs Akureyrar, ásamt fleiri piltum úr 6. bekk Mennta-

skólans hér, og voru þeir við sundæfingar á vegum skólans, en æfingatími þessi var á tímanum kl. 12.00—12.30. Um það bil er stefnandi var að hætta æfingu, eða um kl. 12.30, ákvað hann að stinga sér enn til sunds til að taka þátt í leik skólabræðra sinna í lauginni, og mun þá hafa svo illa til tekizt, að hann hefur fallið með höfuðið í botn laugarinnar, sem er steinsteyptur, og slasaðist alvarlega einkum í hálsliðum. Skólafélagar stefnda urðu þess brátt áskynja, að stefnandi var eitthvað miður sín og komu honum til aðstoðar og færðu hann upp úr lauginni og kölluðu á lækni, sem síðan mun hafa látið flytja hann í Fjórðungssjúkrahúsið hér. Jafnframt gerðu piltarnir Hermanni Stefánsyni, forstjóra sundlaugarinnar, sem jafnframt mun hafa verið kennari þeirra í íþróttum, aðvart, og kom hann á vettvang og athugaði aðstæður. Við skoðun í sjúkrahúsinu kom í ljós, að stefnandi hafði slasast þannig, að 3. hálsliður hafði skekkzt og brotnað, og varð stefnandi að liggja lengi í gipsumbúðum, fyrst í sjúkrahúsinu og síðan heima og gat lítið unnið um sumarið eftir. Verður síðar vikið nánar að meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra.

Nóttina fyrir slysið hafði verið gert innbrot í sundhöllina, og hafði innbrotismaður hleypt vatni úr lauginni, svo hún var ekki nema rúmlega hálf, þegar laugarvörður, Magnús Ólafsson, kom að um morguninn. Laugarvörður hafði nú samband við sundlaugarstjóran, þar sem honum þótti tvísýnt, að hægt yrði að hafa lagina opna vegna slysaheattu og vegna þess, að lögreglan þyrfti að hafa aðstöðu til að athuga staðinn, en niðurstaða varð sú, að haft yrði opið. Lét laugarvörður nú vatn renna í lagina úr útilauginni, en þar sem það vatn var heldur kalt, vildi hann ekki fylla lagina alveg og taldi, að hiti vatnsins hafi ekki farið niður fyrir 24—25°C, en um morguninn hafði hitinn í lauginni verið 28—30°C. Sundlaugarvörður, sem var við lagina fram til kl. 12.00, sagðist hafa farið að hleypa fólki í lagina strax, meðan verið var að renna í hana, en kvaðst hafa sett bann við, að nokkur stykki í lagina, og hafi hann framfylgt því allan morguninn, og kvað fólk ekki hafa stungið sér þannig, meðan hann var við lagina. Hann kvað vatnsborðið í lauginni hafa verið miklu lægra, þegar fólk byrjaði að fara í hana um morguninn, en þegar hann fór frá lauginni, en þá kvað hann borðið á lauginni hafa verið á að gizka 10 cm. Í málinu hafa verið lagðir fram uppdrettir af Sundlaug Akureyrar, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Samkvæmt dskj. nr. 16 er lengd laugar 12 m, breidd 6 m

og dýpt 130 cm í dýpri enda, en 90 í þeim grynri, en samkvæmt vottorði Hermanns Stefánssonar, sbr. dskj. nr. 13, er lengd laugarinnar 12.5 m. Samkvæmt sama vottorði er dýpt laugarinnar, miðað við brún yfirfallsrennu, þessi: Grynri endi 96 cm, um miðja 130 cm og dýpri endi 150 cm. Þá segir, að venjulega standi vatnið 3—5 cm yfir rennubrun.

Það er upplýst, að þegar framangreindur sundlaugarvörður hvarf frá starfi kl. 12, kom enginn annar starfsmaður stofnunarinnar til starfa en Hermann Stefánsson sundlaugarstjóri, og kennari skólapiltanna hafði falið umsjónarmanni skólans umsjá og eftirlit af sinni hálfu, á meðan æfingátími skólapilta stóð yfir, og gerði hann það, og er upplýst, að það hafði áður tíðkast.

Skal nú vikið að því, sem fram hefur komið í málinu um ráðstafanir í öryggisskyni og nauðsyn á slíkum ráðstöfunum. Að framan er vikið að banni sundlaugarvarðar við, að menn styngju sér af bakka. Þá hefur sami sundvörður borið, að þeir hafi haft kaðlagirðingu á vesturbrún laugarinnar til tálmunar því, að menn styngju sér af hliðarkanti, en kvað sundverðina eingöngu hafa tekið þetta upp hjá sjálfum sér, en þetta hafi oft verið skemmt og eyðilaggt. Hann kvaðst halda, að slík girðing hafi ekki verið, þegar slys stefnanda skeði, en vitni þetta var eigi krafði skýrslna um mál þetta fyrr en 13. desember s.l. Vitnið kvað girðinguna hafa verið setta til að hindra slyshættu af stökkum frá hliðarkanti og kvað sér kunnugt um slys af slíku á þeim, er undir verða, þegar maður stingur sér þannig. Þá kvað vitni þetta, að ípróttafulltrúi ríkisins hafi verið búinn að fara þess á leit við forstöðumann laugarinnar, að keðjugirðing yrði sett á vesturkantinn, en það hafi eigi verið gert. Það skal fram tekið, að að austan liggur laugin að útvegg hússins, og kemur ekki til, að hægt sé að stinga sér þaðan. Þá tók vitni þetta fram í þessu sambandi, að þessi laug væri fyrst og fremst kennslulaug og öll talin vera grunn, enda væri hún alls staðar stæð fullorðnum mönnum, miðað við venjulegt vatnsborð, og taldi vitnið, að þetta væri ein grynsta laug á landinu. Ekki kvað vitnið nein aðvörunarspjöld hafa verið fest upp í laugarsalnum né annars staðar í byggingunni.

Skal nú vikið nánar að atvikum að sjálfu slysinu, eins og því er lýst af stefnanda sjálfum og vitnum, og orsökum þess.

Dagana 26. og 28. september 1959 fór fram opinber rannsókn vegna þessa slyss í sakadómi Akureyrar. Kom þar fram m. a. þetta um atvik að slysinu. Stefnandi segir þar, að meðan þeir

félagarnir voru í lauginni, hafi hækkað í henni, og taldi, að vantað hafi um eitt tígulborð, þegar slysið skeði. Hann kvaðst hafa stungið sér um miðja lagina í átt að dýpri endanum. Hann sagðist ekki með fullri vissu geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið atvikaðist, hvort það hafi verið af því, að hann hafi ekki komið fyrir sig höndunum og lent í botninum. Hann kvaðst fyrr um morguninn hafa stungið sér, meðan vatnið var minna í lauginni, án þess að neitt kæmi fyrir. Stefnandi kvað sig hafa ástæðu til að ætla, að slysið hefði ekki komið fyrir, ef laugin hefði verið full.

Tryggvi Pálsson, 23 ára, skólabróðir stefnanda, hefur borið eftirfarandi: Hann kvaðst hafa stungið sér í lagina og verið að koma upp úr, er hann hafi séð, að stefnandi var að stinga sér í lagina, og hafi honum virzt stefnandi öðruvísi en venjulega, er hann stakk sér. Nánar aðspurður um þetta atriði, sagði vitnið, að sér hafi helzt virzt Guðmundur vera krepptur í herðum, eða með öðrum orðum, að hann félli ekki eðlilega í vatnið, hann tók þó fram, að hann hefði ekki séð greinilega, því að vatn muni eitthvað hafa daprað honum sýn. En af ofangreindum ástæðum kvaðst hann hafa ósjálfrátt fylgzt með stefnanda. Hann sagði, að andlit stefnanda hafi svo að segja strax komið upp úr vatninu og hafi hann þá haldið, að allt væri í lagi. Stefnandi hafi svo aftur sigið í kaf, en rétt í sama mund hafi Ingólfur Sverrisson rekizt á hann í vatninu, en mun ekki hafa séð, að neitt væri athugavert við manninn. Hann kvaðst svo hafa séð, að Guðmundur hafi legið einkennilega í vatninu, og einnig hafi hann furðað sig á því, að hann hafi ekki komið upp, er Ingólfur hafi rekizt á hann, og hafi hann þá hraðað sér til hans og tekið hann upp úr vatninu og þá séð, að hann var meiddur. Vitnið kvað stefnanda hafa stungið sér í lagina norðan til við hana miðja. Vitnið gizkaði á, að um fet hafi skort á, að laugin væri full. Þá sagði vitnið það álit sitt, að ef laugin hefði verið full, hefði verið minni hætt á að svona slys kæmi fyrir, en honum hafi þó ekki fundizt hættulegt að vera í lauginni, þótt eigi væri meira vatn í henni.

Vitnið Ingólfur Sverrisson, 20 ára, er að framan er nefndur, hefur borið, að hann hafi ekki séð, þegar stefnandi stakk sér, og gat því ekki sagt um, hvort honum hafi fatazt, og kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið hafi borið að höndum, en kveðst álíta, að ef laugin hefði verið full, hefði það meira dregið úr höggi og ef til vill hefði slysið þá ekki komið fyrir.

Vitnið taldi, að vantað hafi á hálfa aðra flísarbreidd til, að laugin væri full. Ekki kvað vitni þetta sér hafa þótt hættulegt að vera í lauginni, þótt hún væri ekki full.

Hermann Stefánsson sundlaugarstjóri og íþróttakennari M.A. hefur skýrt svo frá, að umsjónarmaður skólans hafi strax hringt til sín, þegar slysið hafi orðið, og tilkynnt sér það, og hafi hann farið strax á vettvang og athugað aðstæður. Hann kvað þá hafa vantað á að gizka einnar flísar breidd, þ. e. um 15 cm, er hann kom að. Þá kvaðst mætti hafa leyft sundverði að hleypa fyrst almenningi og síðan skólapiltum í laugina, þótt eigi væri fullrunnið í hana, og kvaðst hann telja, að það hafi verið hættulaust, ef farið hefði verið að með gætni, og sagðist hefði látið æfingar piltanna óátaldar, þótt hann hefði verið viðstaddur, en kvað slysið einstaka óhappatilviljun. Þó kvað hann minni líkur fyrir, að slysið hefði orðið, ef laugin hefði verið full, en þó væri ekkert hægt að fullyrða í því efni. Þá kvað hann æfingar áður hafa verið leyfðar í lauginni, þótt hún væri ekki full, og hefði það ekki komið að sök fyrr.

Magnús Ólafsson sundlaugarvörður, er að framan er nefndur, hefur borið þetta varðandi spurninguna um hættu af lauginni, miðað við hið lægra vatnsborð en venjulega. Hann kvaðst hafa framfylgt banninu við, að sundfólkið kastaði sér af bakka, þar sem hafi verið að ræða um fólk af ýmsum aldri, og hann þekkti ekki nema að litlu leyti til sundhæfni þess. Þá sagði vitnið, að ef það hefði haft með að gera kennslu nefndra skólapilta og verið búinn að hafa þá frá því um haustið og hefði verið vel kunnugt um getu þeirra, þá hefði hann sennilega leyft þeim að stinga sér af bakka. Varðandi það, hvort vitnið hefði leyft þeim að stinga sér nema í dýpri endann, tók hann fram, að engar beinar reglur séu um það, hvar megi stinga sér í laugina, en við kennslu láti hann að jafnaði ekki stinga sér nema í dýpri endanum, þótt hann geri einstöku sinnum undantekningar þar frá.

Stefnandi hefur byggt kröfur sínar um ábyrgð stefndu á tjóni hans einkum á eftirfarandi atriðum. Hann telur aðalorsök slyssins þá, að eigi hafi verið nægilegt vatn í sundlauginni, eða 20—30 cm lægra en venjulega, auk þess að laug þessi er talin vera meðal gryninstu lauga. Menn hafi ekkert verið varaðir við hættunni eða bann sett við að stinga sér af hliðarbakka. Þá hafi enginn kennari eða sundeftirlitsmaður verið við laugina, því að umsjónarmaður skólans, er viðstaddur var, hafi aðeins

átt að slíta æfingunni á tilteknum tíma, loka húsinu og afhenda lykla, auk þess að yfirlýst sé, að piltur þessi hafi starfað þarna á ábyrgð sundlaugarstjóra. Þá hefur verið bent á, að laugarvörður hafi eiginlega ekki talið fært að hafa laugina opna þennan dag, og ljóst sé, að hann hafi talið hættulegt að stinga sér af bakka, þar sem hann hafi sett slíkt bann þennan morgun og framfylgt því til kl. 12, þ. e. þangað til hann fór frá starfi við laugina. Þá hefur hann fært fram eftirfarandi rök. Sundlaug Akureyrar er rekin af Akureyrarbæ og er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Einnig er stofnunin styrkt af Ríkissjóði vegna afnota laugarinnar til kennslu og sundiðkana skólafólks. Sundnám og sundiðkun sé þess eðlis, að því fylgi hætta fyrir þá, sem þetta stunda, og sé því þörf stöðugs og vakandi eftirlits með framferði sundfólks og ástandi sundstaðar. Jafnan getur sundmanni, reyndum sem óreyndum, fatazt sund, svo hjálpar sundkennara sé þörf, og ýmsar hættur geti stafað frá ástandi sundlaugar, t. d. af of miklu dýpi, þar sem óvönnum nemendum er ætlað að vera, eða of litlu dýpi, þar sem mönnum er ætlað að æfa stungur og dýfingar mega fara fram. Í því efni verði að telja ófullnægjandi, þótt vanur maður geti steypst sér með lagi í vatnið, án þess að rekast í botn. Þá kröfu verði að gera, að stungur og dýfingar geti farið fram án allrar hættu á því, að stökkmaður geti slasast af falli á botn laugarinnar, jafnvel þótt stökkmanni fatist eða mistakist í stökki.

Stefndi styður kröfur sínar einkum með eftirfarandi röksemdum. Hann telur upplýst með skýrslu vitna, að eigi hafi verið nema um 15 cm borð á lauginni, þegar slysið bar að, og hafi því dýpið um miðja laugina, þar sem stefnandi stakk sér, verið 110—115 cm, og gengur þá út frá, að dýpið þar hafi verið 130 cm, miðað við fulla laug. Telur hann, að það geti ekki talizt óforsvaranlegt að nota laugina með því dýpi, enda verði að ganga út frá því, að stefnandi hafi vitað, að laugin hafi ekki verið alveg full og að dýpið hafi verið það mikið, að við venjulegar kringumstæður hafi ekki átt að geta orðið neitt slys. Telur hann, að ljóst liggi fyrir, að slys þetta hafi orðið fyrir óhappatilviljun og klaufaskap stefnanda sjálfs, er hann stakk sér, en hann muni hafa verið þaulvanur sundmaður. Ekki telur hann heldur, að það geti talizt óforsvaranlegt, þótt enginn af starfsmönnum laugarinnar hafi verið viðstaddur, þar sem vanur maður hafi verið skipaður til eftirlits. Þá telur stefndi, að ekki sé í ljós leitt, hvernig slysið hafi atvikast, og telur, að möguleiki

sé á, að slysið hafi orðið strax við vatnsyfirborðið, enda bendi vitnisburður Tryggva Pálssonar, sbr. hér að framan, til þess, að stefnanda hafi fipazt, er hann stakk sér. Loks telur hann að hafa verið hér í huga, að sundlaugin hér sé ekki rekin sem gróðafyrirtæki, heldur sé hún rekin af opinberri hálfu sem menningar- og heilbrigðisstofnun, aðgangseyrir sé mjög lágur og auk þess hafi skólapiltar haft ókeypis aðgang í greint sinn, og sé því eðlilegt, að farið sé vægara í sakirnar með ábyrgð en ella.

Rétt þykir að leggja mælingu Hermanns Stefánssonar á dýpi laugarinnar til grundvallar, enda var henni ekki mótmælt af stefnanda fyrr en við flutning málsins, þótt fyrir lægi í málinu uppdráttur af lauginni, er sýndi annað dýpi (minna). Með hliðsjón af því og skýrslum vitna má þá ganga út frá því, að dýpið um miðja lagina, eða þar sem stefnandi stakk sér, hafi verið 110—115 cm og 15—20 cm grynna en venjulega eða jafnvel heldur meira, þar sem sundlaugarstarfsmenn telja, að vatnið hafi staðið venjulega heldur hærra en rennubrúnnin, sem dýpið er miðað við. Þá verður að telja upplýst, að hér sé um tiltölulega grunna laug að ræða, miðað við það, sem almennast er um slíkar laugar. Þegar á þetta er litið ásamt því, að engar viðvaranir voru viðhafðar og enginn starfsmaður sundlaugarinnar var látinn vera við eftirlit við lagina í greint sinn, þótt nauðsyn virtist vera á því fremur venju, verður að telja, að stefnandi hafi fært það sterk rök fyrir því, að starfsmenn stefnda hafi ekki gætt þess öryggis, er þeim bar í sambandi við sundlaugina, og eigi stefndi því að bera ábyrgð á tjóni stefnanda, enda þá gengið út frá því, að slysið hljóti að hafa orðið af viðkomu stefnanda við botn laugarinnar. Hins vegar þykir stefnandi hafa sýnt af sér óaðgætni með því að stinga sér í miðja lagina, sérstaklega eins og vatnsmagni í lauginni var háttað, og beri honum því sjálfum að bera hluta tjónsins. Þykir eftir atvikum hæfilegt, að hann beri $\frac{2}{5}$ hluta tjónsins, en stefndi $\frac{3}{5}$ hluta.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

I. 1. Tjón vegna tímab. örorku kr. 26.968.00

Þar frá tekjur sumarið 1959 .. — 3.312.72

Kr. 23.655.28

2. Tjón vegna varanlegrar örorku — 88.934.00 112.589.28

II. 1.	Kostnaður af læknisrannsókn, vottorð, röntgen og sjúkraleikf. —	2.338.00	
2.	Kostnaður af örorkumati og ör- orkutjóni —	1.340.00	
3.	Ferða- og dvalarkostnaður —	3.250.00	6.928.00
III.	Bætur fyrir þjáningar og miska kr.		40.000.00

Samtals kr. 159.517.28

Auk þess krefst hann 6% ársvaxta og málskostnaðar, eins og að framan greinir. Við flutning málsins óskaði lögmaður stefnanda að draga lið II.2, kr. 1.340.00, frá aðalkröfunni, og lækka hana þannig niður í kr. 158.177.28, hækka málskostnaðar-kröfuna um sömu upphæð.

Um lið I, tjón vegna örorku.

Fyrir liggja í málinu ýtarleg vottorð yfirlæknanna Guðmundar Karls Péturssonar og Snorra Hallgrímssonar svo og örorkumat Bergþórs Smára læknis, en skýrslur hans munu byggðar að mestu eða öllu leyti á vottorðum fyrrgreindra yfirlækna. Í örorkumatinu segir svo:

Guðmundur Steinsson, Kirkjuteigi 7, Siglufirði, f. 24.6. 1938, slasaðist 22. febrúar 1959.

Slysið mun hafa viljað þannig til, að slasaði stakk sér til sunds í Sundlaug Akureyrar, en lenti með höfuðið í botni laugarinnar, og brotnaði við það og skekkist 3. hálsliður. Slasaði var vistaður í Sjúkrahúsi Akureyrar, og þar dvaldist hann frá 22.2.—27'4. 1959. Var slasaði meðhöndlaður með togi á höfuðið og síðan settur í gipsumbúðir. Var slasaði með þær fram í byrjun júní 1959.

Í byrjun hafði slasaði miklar lamanir og verki í báðum efri útlimum, en þessi óþægindi fóru smáminnkandi, og nú um alllangt skeið hefur slasaði verið óþægindalaus í hægri handlim, en hefur tilkenningu í vinstri axlarlið við hreyfingu, þreytist fljótt í öxlinni við áreynslu og fær þá þreytuverk í herðar vinstra megin. Slasaði stundaði skólanám s.l. vetur, jafnframt því sem hann stundaði æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni. Hann telur sig ekki hafa verið færan um að stunda vinnu s.l. vetur, en gat hafið starf í apóteki 10. júní 1960.

Skoðun 5. sept. '60: Lítilsháttar rýrnun er mm. supra- og infra-spinatus v. megin, og kraftur virðist nokkuð minni í þeim en h. megin. Vinstri upphandleggur er ca. ½ cm rýrari en hægri

megin (slasaði er þó örvhentur). Kraftar í upphandleggsvöðvum, hálsvöðvum og hægri öxl virðast eðlilegir. Nokkur stirðleiki er í hálsliðum, og snúningur út á við í vinstri öxl virðist nokkru minni en eðlilegt er. Rtg. skoðun á hálsliðum 14. des. 1959 sýnir byrjandi slitbreytingar (arthrosis) á liðnum milli 3. og 4. hálsliðar. Líklegt þykir, að þær breytingar stafi frá slysinu. Varanlegar afleiðingar af völdum slyssins má telja væga lömun á axlarvöðvum v. axlar (supra- og infra-spinatus) og arthrosis í hálsliðum, sem búast má við, að fari vaxandi.

Örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi, 22.2. '59, til 30.4. '59	100%
— 1.5. '59 til 30.6. '59	80%
— 1.7. '59 til 30.11. '59	60%
— 1.12. '59 til 30.4. '60	25%

Varanleg örorka 8%.

Upplýst er, að þegar slysið varð, var stefnandi tvítugur að aldri, nemandi í 6. bekk Menntaskólans á Akureyri, og gat hann ekki lokið stúdentsprófi vorið 1959, eins og ætlað var, en lauk því þá um haustið. Samkvæmt skjölum málsins voru sumarvinnutekjur stefnanda sem hér segir: 1956 kr. 26.680.54, 1957 kr. 21.264.04, 1958 kr. 25.908.70, 1959 kr. 3.312.72. Haustið 1959 hóf stefnandi nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og er gert ráð fyrir 3ja ára námi þar og síðan þriggja ára námi erlendis.

Guðjón Hansen cand. act. hefur framkvæmt mat á örorkutjóni stefnanda, er fyrir liggur í málinu. Byggir hann mat sitt á ofangreindu örorkumati, framangreindum upplýsingum um tekjur stefnanda af sumaravinnu og kauptaxta Lyfjafræðingafélags Íslands. Tjón vegna tímabundinnar örorku frá slysdegi til 30. apríl 1960 hefur tryggingafræðingurinn miðað við meðaltekjur stefnanda árin 1956—1958, umreiknað til kauptaxta sumarið 1959 með tilliti til breytinga á almennum Dagsbrúnartaxta, og telur hann þær kr. 26.968.00, og hefur stefnandi miðað kröfu sína um bætur vegna tímabundinnar örorku við þá upphæð.

Tjón vegna varanlegrar örorku, þ. e. frá 1. maí 1960, hefur tryggingafræðingurinn áætlað þannig:

Sumartekjur 1960 og 1961, hvort sumar	kr. 26.968.00
Sumartekjur 1962—1964, þriggja mánaða laun exam. pharm. hvert sumar	— 21.118.00
Frá vori 1965 laun cand. pharm. (6% lífeyrissjóðsgjald meðtalið) árslaun	— 105.112.00

Eftir að lífeyrissjóðsframlag fellur niður og til 67

ára aldurs, árslaun — 99.163.00

Á þessum grundvelli reiknast honum tap vinnutekna vegna varanlegrar örorku nema kr. 88.934.00. Samanlagt metur hann örorkutjónið þannig kr. 115.902.00.

Jafnframt hefur hann reiknað tjónið, miðað við meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum starfsárin 1951—1958, en slíkar tekjur telur hann kr. 60.052.00 á ári. Með því að reikna með þeim tekjum frá slysdagi, þó með 5% lækkun til 21 árs aldurs, reiknast honum tjónið allt kr. 105.000.00, þar af 67 þús. kr. vegna varanlegrar örorku.

Með tilvísun til upplýsinga þeirra, er fyrir liggja um nám stefnanda í lyfjafræði frá því haustið 1959, þykir rétt að leggja fyrri upphæðina til grundvallar. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið rakið, þykir tjón stefnanda undir þessum lið, það er allt örorkutjónið, nema kr. 90.000.00, og ber að dæma stefnda samkvæmt framansögðu til að greiða $\frac{3}{4}$ af því, eða kr. 54.000.00.

Um lið II.

1. Kostnaður við læknisrannsóknir o. fl. Þessum lið hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hann því tekinn til greina að fullu, þannig að dæma beri stefnanda $\frac{3}{4}$ af upphæðinni, kr. 2.338.00, það er kr. 1.402.80.

(2 fellur niður samkvæmt framansögðu).

3. Ferða- og dvalarkostnaður. Þessum lið hefur algerlega verið mótmælt vegna þess, að upplýst sé, að upphæðin hafi ekki öll verið greidd. Þykir hæfilegt að taka til greina kr. 2.500.00 af þessari upphæð, og ber að dæma stefnda til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta af þeirri upphæð, kr. 1.500.00. Samtals ber því að dæma stefnda til að greiða kr. 2.902.80 undir lið nr. II.

Um lið III. Bætur fyrir þjáningar og miska.

Samkvæmt þeim upplýsingum, er að framan eru raktar að nokkru um eðli slyss stefnanda og afleiðingar þess, og annarra gagna málsins, m. a. ljósmynda, er fram hafa verið lagðar af stefnanda í umbúðum, þykir þessi liður hæfilega metinn á kr. 25.000.00, og ber að dæma stefnda til að greiða kr. 15.000.00 af því.

Ber þannig að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 54.000.00 samkvæmt lið III, eða samtals kr. 71.902.80, með 6%

ársvöxtum frá slysdegi, 22. febrúar 1959, til greiðsludags. Eftir þessa niðurstöðu þykir með tilliti til þeirra gagna, er fyrir liggja um kostnað stefnanda af máli þessu, hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.500.00 í málskostnað, og skulu kr. 8.200.00 af því renna til skipaðs lögmanns stefnanda, Friðriks Magnússonar hdl.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda kr. 71.902.80 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 10.500.00 í málskostnað, þar af kr. 8.200.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Friðriks Magnússon hdl., allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 65/1962. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Braga h/f. (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfrýjun til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða málskostnað.

Mál þetta var þingfest í júnímánuði s.l., því fyrst frestað til októbermánaðar þ. á. og síðan til 14. þ. m. Er málið kom þá fyrir Hæstarétt, sótti stefndi eigi þing og enginn af hans hálfu. Mál þetta er því flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hendi, þegar áfrýj-